

Kæri viðtakandi í samninganefnd ASÍ,

Heimsfaraldurinn COVID-19 hefur lamað íslenskt samfélag og atvinnulíf. Stór hluti atvinnustarfsemi um heim allan hefur stöðvast. Tekjugrundvöllur fjölmargra íslenskra fyrirtækja hefur algjörlega brostið. Stjórnvöld grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot fyrirtækja og fordæmalausa fjölgun atvinnulausra.

Aðgerðir stjórnvalda miðast ekki síst við að draga úr uppsögnum starfsfólks og hafa þau kynnt tímabundnar aðgerðir þar sem hluti launa í skertu starfshlutfalli greiðist af Vinnumálastofnun.

Á föstudag höfðu yfir 17 þúsund umsóknir um hlutaatvinnuleysisbætur borist á rúmum tveimur sólarhringum og ríflega helmingur þeirra miðar við 25% starfshlutfall hjá atvinnurekanda, sem í mörgum tilvikum er langt umfram það sem þörf er fyrir.

Einnig hefur víðtæk frestun opinberra gjalda og frýsting afborgana lána verið ákveðin. Markmiðið er að létta róður fyrirtækja og heimila í gegnum óvissuástandið og gera þeim kleift að bíða með afdrifaríkar ákvarðanir uns rofar til.

Fyrirtæki standa frammi fyrir erfiðum ákvörðunum um stórfelldan niðurskurð rekstrarkostnaðar á sama tíma og umsamin laun hækka 1. apríl samkvæmt kjarasamningum. Launahækkunin veldur því að þau segja upp enn fleiri starfsmönnum en ella.

Á undanförunum vikum hafa farið fram óformleg samtöl forsvarsmanna vegna fyrirhugaðrar launahækkunar 1. apríl. Í ljósi alvarlegrar og síversnandi stöðu óska Samtök atvinnulífsins eftir viðbrögðum samninganefndar ASÍ við launahækkuninni 1. apríl. Síðastliðinn föstudag, 27. mars, sendu Samtök atvinnulífsins ASÍ beiðni um viðræður en svar hefur ekki borist.

Samningsaðilar geta þó lagt sitt lóð á vogarskálarnar svo launahækkunin 1. apríl auki ekki enn þann vanda sem atvinnurekendur og launafólk standa frammi fyrir. Draga má tímabundið úr launakostnaði atvinnulífsins með lækkun mótframlags launagreiðenda í lífeyrissjóði.

**Samtök atvinnulífsins óska eftir samningi við samninganefnd ASÍ um tímabundna lækkun mótframlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði um 3,5%, úr 11,5% í 8,0%. Lækkunin gildi í 6 mánuði, m.v. skil iðgjalda frá apríl til september 2020. Fari verðbólga m.v. 12 mánaða tímabil yfir efri vikið verðbólgu markmiðs Seðlabankans, sem er 4,0%, tvo mánuði í röð þá verði lækkunin einungis 2% og mótframlagið því 9,5%. Samkomulagið framlengist í þrjá mánuði í senn sé því ekki sagt upp.**

Fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins er óskað eftir afstöðu samninganefndar ASÍ til ofangreinds erindis fyrir 12:00 þriðjudaginn 31. mars.

*Reykjavík, 30. mars 2020*

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Benjamín Þorbergsson,  
frankvæmdastjóri



Eyjólfur Árni Rafnsson,  
formaður